

**Bekkjarnámskrá
Íslenska – 2. bekkur
Skólaárið 2024-2025**



Kennari: Erna Dís Friðriksdóttir, Gyða Eir Garðarsdóttir og Halldóra Björk Guðmundsdóttir

Tímafjöldi: 8 kennslustundir á viku

Markmið:

Að geta beitt skýrum og áheyrilegum framburði, beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. Náð auknum tókum á lestrar hraða 40-100 orð á mín við lok 2. bekkjar. Dregið rétt til stafs og skriftað skýrt og læsilega. Gert greinamun á andheiti -samheiti, samsettorð. Sett upp texta með upphafi, meginmál og endi.

Námsefni

Byrjendalæsisbækur, Litla lesrún, Ritrún, lestrarbækur og verkefni, orðaspjall og valin skriftarverkefni. Verkefni frá kennara.

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara, hópavinna, vettvangsferðir, bókasafn, umræður, spil, leikir og verklegt.

Námsmat

Lesfærnisönnun: september-jan-maí.

Verkefni í samræmi við hæfniviðmið, framsögn, ritunarverkefni og verkleg verkefni.

Hæfniviðmið – námsþættir

Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.

Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Náð auknum tókum á lestri, bæði hvað varðar lestrarhraða og skilning og séu þannig í stöðugri framför.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Lesið 40 -100 orð á mínútu í lok 2.bekkjar.

Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega, þekki skrifaráttina, þjálfist í fínhyfingum með fjölbreyttum verkfærum.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

Málfræði

- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega
- nýtt sér í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmál og niðurlag
- samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð
- nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis
- skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfunda eða lestri lesanda
- leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki

Bekkjarnámskrá
Stærðfræði – 2. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Erna Dís Friðriksdóttir, Gyða Eir Garðarsdóttir og Halldóra Björk Guðmundsdóttir

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemandi geti notað einföld stærðfræði tákni, þar með talið tölur og aðgerðamerki. Kunni skil á náttúrulegum tölum, tugakerfi, frádrátt og samlagningu. Unnið með form, stærð og lengd. Nemandi þekki tölustafina 1-100.

Námsefni

Sproti 2a nemendabók, Sproti 2a æfingahefti, Sproti 2b nemendabók, Sproti 2b æfingahefti, byrja á Sproti 3a nemendabók og 3a æfingahefti, Stærðfræði spæjararnir 1 og Stærðfræði spæjararnir 2, verkefni frá kennara, vettvangsferðir og tilraunir.

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara, hópavinna, spil, verkefni frá kennara og vettvangsferðir.

Námsmat

Kaflakönnun í Sprotu, miðsvetrarpróf og vorpróf.

Hæfniviðmið – námsþættir

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.
- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákni, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.

Tölur og reikningur

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisríthátt.
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reiknasamlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.

Algebra

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.
- Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota ápreifanlega hluti.

Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.
- Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

Tölfræði og líkindi

- Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.
- Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.

Bekkjarnámskrá
Náttúrugreinar – 2. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Erna Dís Friðriksdóttir, Gyða Eir Garðarsdóttir og Halldóra Björk Guðmundsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemandi geti gert grein fyrir tækni og hvernig það hefur haft áhrif á lífsgæði, komið auga á þarftir og vandamál í umhverfinu. Tekið þátt í hópavinnu og rannsóknum á umhverfi okkar, rætt og deilt hugmyndum og skoðunum. Sagt frá því helsta sem snýr að mannslíkamanum og hvernig við getum viðhaldið hollum og góðum lífstíl.

Námsefni

Skordýr, Komdu og skoðuðu fjöllin/eldfjöll, Komdu og skoðuðu tækni, Risaeðlur, Blómin á þakinu, Helgi skoðar heiminn, Könnum kortin, verkefni frá kennara, heimildamyndbönd af netinu, vettvangsferðir og rannsóknarvinna.

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara, hópavinna, umræður, rannsóknir og vettvangsferðir.

Námsmat

Mat er unnið út frá hæfnisviðmiðum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Geta til aðgerða

- Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.
- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.
- Bent á störf sem krefjast sérþekkingar.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.

Vinnubrögð og færni

- Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.
- Skráð atburði og athuganir, s.s ljósmyndum, teikningum með eigin orðum og sagt frá þeim.
- Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.
- Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.

Ábyrgð á umhverfinu

- Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.

Að búa á jörðinni

- Tekið þátt í og sagt frá einföldum athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi.

Lífskilyrði manna

- Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans.
- Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.
- Bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi.

Náttúra Íslands

- Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.
- Útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi.
- Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.

Heilbrigði umhverfisins

- Rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðar, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.

Bekkjarnámskrá
Samfélagsgreinar – 2. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Erna Dís Friðriksdóttir, Gyða Eir Garðarsdóttir og Halldóra Björk Guðmundsdóttir

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemandi þekki umhverfi, samfélag og menningu í sínu nærumhverfi. Skilið hugtök eins og tillitsemi-samvinna og jafnrétti, hvaða merking felst í þeim. Að nemandi læri um styrkleika sína og vinni að jákvæðri sjálfsmynd. Að nemandi geti unnið í hóp og rætt sínar hugmyndir með það til hliðsjónar að taka tillit til skoðana annara.

Kynbundið ofbeldi

- Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeld. Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.
- Áhrerslur 2. Bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, örugg netnotkun, samþykki og einkalíf, mannréttindi, jafnrétti kynja og samskipti

Unicef

- Haustönn vinnum við verkefnið Bekkjarsjáttamáli
- Á vorönn vinnum við verkefnið Afmælisveislan

Námsefni

Þegar litirnir fengu nóg, Regnbogafiskurinn, Komdu og skoðaðu land og þjóð, Englajól, Blómin á þakinu, verkefni á netinu, verkefni frá kennara, myndbönd, PBS. Nemendur útbúa bekkjarsáttmála og verður hann til sýnis inni í kennslustofu.

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara, verkefni, hópavinna og umræður.

Námsmat

Mat út frá hæfnisviðmiðum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.
- Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.
- Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.
- Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu.

Hugarheimur – Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.

- Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.
- Sett sig í spor annarra jafnaldra.
- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.

Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynd og þróa tengsl sín á milli

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.
- Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.
- Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.

- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.

Bekkjarnámskrá
Skólaíþróttir – 2. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Birna Þorkelsdóttir, Frans Elvarsson, Hjörtur Fjeldsted

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Markmið er að örva hreyfiþroska nemenda og efla afkastagetu þeirra. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Kenna þeim ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun, íþróttar eða líkamans og heilsurækt.

Námsefni

Öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluaðferðir

Námið fer að miklu leyti fram í leikjaformi þar sem nemendur virkja hreyfiþörf, efla skynfæri líkamans og styrkja gróf-og fínhyreyfingar. Auk þess er lögð áhersla á grunnatriðið í flestum íþróttagreinum sem og stöðvarþjálfun og útihlaup.

Námsmat

Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemandi fær einkunn sem er síðan reiknuð út úr matsþáttum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Virkjað hreyfiþörf.

- Lært um gildi hreyfingar.
- Þjálfast í bæði gróf og fínreyfingum.
- Þjálfast í æfingum sem reyna á samspil skynfæra.

Félagslegir þættir

- Þjálfast í að bregðast rétta við fyrirmælum kennara.
- Öðlast þá félagsfærni að taka þátt í leikjum
- Tileinkað sér íþróttamannslega hegðun

Heilsa og efling þekkingar

- Tileinkað sér hreinlæti að lokinni íþróttakennslu
- Tileinkað sér íþróttamannslega hegðun

Öryggis og skipulagsreglur

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

**Bekkjarnámskrá
Sund – 2. bekkur
Skólaárið 2024-2025**



Kennari: Frans Elvarsson, Hjörtur Fjeldsted

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Læra allar helstu sunnaðferðir og geti notað þær til líkamsræktar og ánægju.

Námsefni

Öll helstu áhöld sundlauga, sundfit, kork, kútar og fleira.

Kennsluaðferðir

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

Námsmat

Frammistöðumat: Virkni nemenda í tímum skráð til bókar.
Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 2. sundstigi.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Unnið eftir 2. sundstigi.
- Synt 10 m skólabaksund.
- Marglyttuflot með því að rétta úr sér.
- Spyrnt frá bakka og rennt sér með andlit í kafi.

- Synt 10 m bringusund.
- Hoppað að lágmarki 2,5 m af bakka í laug.

Öryggis og skipulagsreglur

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

Bekkjarnámskrá
Upplýsinga- og tæknimennt - 2. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Jovana Dedeic

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Að nemendur þjálfí fingrasetningu og þekki helstu grunntök á lítill/stór stafur, bil, punktur og komma. Geti farið inn á kennsluforrit og unnið í þeim.
Að nemandi geti vistað og skráð sig inn og út.

Námsefni

Efni frá kennara

Efni frá mms.is

Fingrafimi

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara, æfingar á netinu.

Námsmat

Mat út frá hæfnisviðmiðum

Hæfniviðmið - námsþættir

Vinnulag og vinnubrögð

- Lært að temja sér ákveðnar umgengisreglur við tölvur, m.a. í tölvuveri.
- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.
- Hafi jákvætt viðhorf til tölva og þjálfist í að umgangast þær sem sjálfsagt verkfæri. Er óhrædd/ur við að þreifa sig áfram og auka við eigin þekkingu á tölvutækni.

- Kveikt á tölvu, skráð sig inn á tölvuna og gegnið rétt frá henni að lokinni notkun.

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Getur notað ýmis kennsluforrit.
- Getur notað efni af veraldarvefnum.

Tækni og búnaður

- Lært að beita tölvumús við tölvuvinnslu

Sköpun og miðlun

- Öðlast jákvætt viðhorf til tölva og þjálfist í að umgangast þær sem sjálfsagt verkfæri.
- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.

Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.
- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.

Bekkjarnámskrá
Nýsköpun - 2. bekkur
Skólaárið 2024- 2025



Kennari: Drífa Hjördís Thorstensen

Tímafjöldi: 2 kennslustund á viku (8-9 skipti yfir skólaárið)

Markmið

Viðfangsefni:

- Vísindi - Hvernig virka hlutirnir? (Hreyfiorka, kraftalögmál, rafeindafræði)
- Tækni - Forritun, vélmenni, 3D
- Verkfræði - Setja saman eftir leiðbeiningum (vísindalæsi)
- Hugvit/Hönnun- Frá endurvinnslu til nýsköpunar

Námsefni

Fjölbreytt

Kennsluaðferðir

Þekkingaröflun og hugmyndavinna snýr að undirbúningsvinnu og tækniþjálfun. Nemendur viðá að sér upplýsingum og efni, kanna, rannsaka, prófa, ímynda sér, læra tækni, forma, taka áhættu sem skerpir eigið þor og traust bæði til viðfangsefnisins og eigi n hugmynda.

Framkvæmd felur í sér að nemendur beita aðferðum þar sem þeir umbreyta, túlka, flytja, sýna, prófa, forma og framleiða.

Greining felur í sér að nemendur dýpka skilning sinn og upplifun með umræðu, tjáningu og mati. Nemendur greina, yrða, meta, virða, gagnrýna, bera saman, túlka, ígrunda og rannsaka.

Samhengi felur í sér að setja ferlið í sögulegt, menningarlegt, persónulegt og félagslegt samhengi. Nemendur yrða, meta, ígrunda, skipuleggja/endurskipuleggja, smíða kenningar, þroskast og breytast.

Frumkvæði, sköpun, nýsköpun, tækni, hugmyndir og hugvit:

- þarfaleit
- teiknivinna
- hönnunarverkefni
- líkanasmíði
- fumgerðasmíði
- rafrásir
- 3D
- Endurvinnsla

Æfing - Hugmynd - Hönnun - Framkvæmd

Námsmat

- Þátttaka í tímum
- Nemendur vinna verkefni sem þeir ýmist fá að taka með sér heim og eða taka mynd af og setja í bók.
- Við lok lotunnar munum nemendur hafa með sér bók sem inniheldur myndir, leiðbeiningar og uppskriftir eftir því sem við á.

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag og vinnubrögð

Nemandi getur

- nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag
- sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn
- gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Nemandi getur

- nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu verkefna
- nýtt hugbúnað/forrit

Tækni og búnaður

Nemandi getur

- notað einfaldan hugbúnað/forrit
- smíðað líkön eftir leiðbeiningum

Handverk

Nemandi getur

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt

Hönnun og tækni

Nemandi getur

- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar,
- unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit,
- framkvæmt einfaldar samsetningar,
- sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virkniþætti í smíðisgripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur,
- bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi,
- greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.

Umhverfi

Nemandi getur

- valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi,

- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með

Siðferði og öryggismál

Nemandi getur

- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga,
- farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.

Bekkjarnámskrá
Sjónlistir – 2. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Silvia Villaverde Björgvinsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku (hringekja)

Markmið

Sjónlist er í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvæg ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, mótun, grafíktækni, klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list ásamt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýnninn skilning á heiminum. Í umræðum um sjónlist skapast tækifæri til að þjálfra orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur að læra að lesa og greina. Í sjónlist er unnið með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að tjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni.

Námsefni

- „Listasaga frá Hellalíst til 1900“, Halldór Björn Rúnólfsson, (Námsgagnastofnun)
- „Myndmennt I og II“, (Námsgagnastofnun)
- „Kveikjur fyrir skapandi skólastarf“, Vigdís Hlíf Sigurðardóttir, (Menntamálasöfnun)
- „Ég sé með Teikningu“, Björg Eiríksdóttir, (Menntamálastofnun).
- Ljósritun og efni frá kennara og kennslumyndbönd frá upplýsingamiðlum.

Kennsluáferðir

- Innlögn kennara, sýnishorn, nemendur vinna sjálfstætt eða í hopum eftir fyrirmælum kennara.

Námsmat

- Námsmat verður í formi símats þar sem ekki er aðeins gefið fyrir þau verkefni er nemandinn vinnur, heldur virkni nemandans í tímum; sjálfstæði, sköpun, vandvirkni og umgengni. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

Hæfniviðmið - námsþættir**Sköpun og Fagurfræði**

- Getur tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- Getur notað einfaldar aðferðir greinarinna og beitt viðeigandi áhöldum til þess að skapa.
- Getur skreytt myndverki sitt á einfaldan hátt.

Saga, menning, umhverfi

- Þekkt íslenska og alþjóðlega list.
- Getur notað ný og endurunnin efni í vinnu.

Félagsfærni og gagnrýnin hugsun

- Getur fjallað um eigin verk og annarra á einfaldan hátt.
- Getur unnið eftir einföldum leiðbeiningum.
- Getur unnið sjálfstætt eða í hópum.

Bekkjarnámskrá
Textílmennt - 2. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Ásta Guðný Ragnarsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku í 8-10 skipti

Markmið

Markmið að samhæfa hug og hönd nemenda, temja nemendum rétt vinnubrögð, rétta og örugga notkun áhalda. Áhersla lögð á frjálsllega og skapandi vinnu, ásamt þjálfun fínhyrfinga, vandvirkni og sjálfstæði. Nemendur læra að klippa efni, nota títuprjóna, nálar, skæri og sauma í saumavél.

Námsefni

Námsefni og sýnikennsla hjá kennara, skæri, lím, perlur, skraut, títuprjónar, nálar, efni, saumavél, tvinni og fleira.

Kennsluaðferðir

- Verkefni
- Innlögn / sýnikennsla kennara
- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna

Námsmat

Verkefni nemenda eru lögð til grundvallar við námsmat, ásamt áhuga, sjálfstæði, verklagni, hegðun og vinnusemi nemenda í tímum

Hæfniviðmið - námsþættir

Handverk, aðferðir og tækni

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.
- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.

- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

Sköpun, hönnun og útfærsla

- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.
- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.

Menning og umhverfi

- Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.
- Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.
- Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.

**Bekkjarnámskrá
Heimilisfræði – 2. bekkur
Skólaárið 2024-2025.**



Kennari: Björk Sverrisdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendi geti farið eftir einföldum uppskriftum og með aðstoð útbúið einfaldar máltíðir, þjálfist í notkun mælitækja s.s. mæliskeiða og desilítramáls, átti sig á tilgangi fæðuhringsins, geti farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif, geri sér grein fyrir helst hættum sem fylgja vinnu í elhúsi.

Námsefni

Heimilisfræði 2 og verkefni frá kennara.

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla, innlögn, verkefni í verkefnabók, hópavinna og sjálfstæð vinna.

Námsmat

Mat út frá hæfnisviðmiðum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Matur og lífshættir

- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
- Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.
- Gengið frá eftir vinnu sína
- Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.
- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar

- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
- Tjáð sið á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt

Matur og vinnubrögð

- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- Nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.
- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsahöld.
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Matur og umhverfi

- Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.
- Skilið einfaldar umbúðamerkingar.

Matur og menning

- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.